

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 28. febrúar 2024
UST202401-204/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Háfshjáleiga.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Háfshjáleiga.

Í greinargerð kemur fram breytingin gangi út á að um 6 ha landbúnaðarsvæði úr landi Háfshjáleigu land 1, 2 og 3 breytist í verslunar- og þjónustusvæði. Auk þess segir að heimiluð verði ferðaþjónusta, gisting, verslun og veitingar í allt að 30 smáhýsum og þjónustubyggingu. Heildarbyggingamagn til ferðaþjónustu getur verið allt að 3500 m².

Mikilvægt fuglasvæði

Skipulagssvæðin ná til mikilvægs fuglasvæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendið og því þarf að mati stofnunarinnar að fjalla um svæðið í skipulaginu og meta hver áhrif breytingarinnar eru á fuglasvæðið.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umfjöllun um fráveitumál og umhverfisáhrif vegna fráveitu sé ítarlegri í tillögunni. Í umhverfismati segir að áhrif á heilbrigði sé óveruleg/óviss þar sem gert sé ráð fyrir að gengið verði frá fráveitu í samræmi við reglugerð og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Að mati Umhverfisstofnunar er óljóst hvað átt er við með heilbrigði og á hvaða þætti fráveita hefur áhrif á.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja verslunarsvæðið að jafnaði. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fráveitu, þ.e. hversu mörgum persónueiningum hún skal anna með tilliti til fjölda gesta og eðlis hreinsivirkja.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur